

GRÍSK LIST OG ÍSLENSK

I

Nálægt miðri 18. öld, var uppi norður í Skagafirði unglungur, sem Gottskálk hét. Unglingi þessum með hið útlenda nafn, fannst búa eitthvað svo mikið í sér, og hann undi sér ekki í hinni svipmiklu sveit, sem horfir á Drangey og Tindastól, og sumt það sem ennþá hærra gnæfir, og meira er að minnast. Brottfús gerðist hann mjög, og kom sér í skip, og aldrei sá hin svipmikla sveit hann eftir það.

Í Kaupmannahöfn kom hann fram, og lifði þar alla ævi síðan. Ekki breifst hann þó þar svo sem þurft hefði, ekki varð það úr honum þetta sem hann hafði víst verið að gera sér einhverjar óljósar vonir um. En þó auðnaðist honum að sýna, að það var ekki að ástæðulausu, sem honum hafði fundist búa eitthvað svo mikið í sér. Með tilstyrk ástarinnar var það sem honum auðnaðist þetta, og góðrar stúlkur frá Jótlandi, sem Karen hét. Son áttu þau Karen, sem þau kölluðu Bertel, og frægastur listamaður varð, þeirra sem í Danmörku hafa verið.

II

Thorvaldsens verður hér að geta, vegna þess að hann sýnir svo ljóslega, frændsemi Grikkja og Íslendinga. Því að ég hygg, að hinn frábæri áhugi hans á líkamlegrí fegurð, og hæfileiki til að sýna hana í list sinni, hafi einkum verið íslenskur arfur. En þesskonar áhugi var mjög ríkur hjá hinum fornu Íslendingum. Mál vort er merkilega auðugt af orðum til að lýsa svip manna og vaxtarlagi, og við slíku var einmitt að búast, um hið fríðasta fólk á jörðu hér og svipmesta. Ég hygg, að menn hafi tæpast gert sér nógu háar hugmyndir um

íslenskt yfirbragð á þróttaröld þjóðarinnar, þegar Íslendingar vöktu eftirtekt suður um Evrópu, fyrir fríðleiks sakir og vaxtar, og jafnvel í Noregi þóttust menn ekki eins fríðar konur sjá og á Íslandi. Og það er ekki að ástæðulausu, sem vér dáum og þráum fegurðina, því að hún er geisli frá guði. Þráin eftir fegurð, er falin meðvitund um það takmark sem stefna verður að. Og að fegurðartilfinningin yrði næmust hjá Grikkjum og Norðurlandabúum, er mjög að vonum. En á Íslandi skorti marmarann. Vegna þess gátu Íslendingar ekki orðið myndasmiðir eins og Grikkir. Næmleikinn gagnvart fegurðinni varð að lýsa sér á annan hátt, uns listgáfan, í Albert Thorvaldsen, tekur á sig hina grísku mynd.

III

Í að lýsa bolsvexti og limalagi, virðist mér Thorvaldsen ekki hafa náð hinum fornu meisturum, eins og ekki var heldur við að búast, m. a. af því, að hann átti ekki eins og þeir, kost á að sjá æskulýðinn æfa sig nakinn. En þó hygg ég, að Thorvaldsen hafi sýnt sig eigi minna smiðsefni. Kristsmynd hans sú hin fræga, í Frúarkirkju í Kaupmannahöfn, virðist mér bera mjög af öðrum þesskonar myndum, og sýna best, hversu „genial“ hann var. Thorvaldsen var ekki kristinn, og er sagt, að hann hafi færst undan fyrst, er hann var beðinn að gera þessar myndir af Kristi og postulunum, en sagt, er hann lét þó loks til leiðast: „Ég trúi nú raunar heldur ekki á guðina grísku.“ Og svona tókst honum. Kristsmynd Thorvaldsens sýnir ekki þennan merkilega mann, Jesús frá Nazaret, sýnir alls ekki Austurlandamann af hinni semítísku fólkætt. Og í því virðist mér koma fram svo stórkostlega „geni“ hins mikla listamanns, hvernig hann lýsir því yfir með þessari aðdáanlegu mynd, að konungur andans muni vera af hans eigin ætt. Það er ágætlega norrænn svipur, sem á myndinni er. Andlitið er það, sem svo framúrskarandi vel hefir tekist, höfuðlag og hár síður.

Albert Thorvaldsen hefir frægastur maður á Norðurlöndum orðið, einhver, og má skoða frægð þessa íslenska nafns, sem leitt er af Pór, sem forboða íslenskrar frægðar. Því að

vér Íslendingar, sem nálega vorum að engu orðnir hér í fá-sinninu, eignum eftir að verða frægri nokkru, en líklegt hefði þótt um hríð, og taka enn upp andlegan höfðingsskap, og jafnvel betur en áður var, og nú svo, að ekki mun niður falla framar.